

**Rekstrarfélag
Kaupþings banka hf.**

**Verðbréfasjóðir
Fjárfestingarsjóðir
Fagfjárfestasjóður**

Árshlutareikningur 1. Janúar - 30. Júní 2007

Rekstrarfélag Kaupþings banka hf.
Borgartúni 19
105 Reykjavík

Kt. 700996-2479

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastj.....	3
Áritun endurskoðenda	4
A-hluti	
Ársreikningur Rekstrarfélagsins	5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Tilgangur Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. er að annast rekstur Verðbréfasjóða Rekstrarfélags Kaupþings banka, Fjárfestingasjóða Kaupþings banka og Fagfjárfestasjóða Kaupþings banka. Rekstrarfélag Kaupþings banka er dótturfélag Kaupþings Banka hf. og er hluti af samstæðureikningi bankans og dótturfélögum hans.

Árshlutareikningi félagsins er skipt í tvo hluta, A-hluta sem inniheldur árshlutareikning rekstrarfélagsins fyrir tímabilið 1. Jan - 30. Jún 2007 og B-hluta sem inniheldur árshlutareikning Verðbréfasjóða Kaupþings banka og Fagfjárfestasjóðs Kaupþings banka. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið á undan. Þessi framsetning á reikningnum er í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.

Hagnaður varð af rekstri félagsins á tímabilinu 1. Janúar - 30. Júní 2007 að fjárhæð 524 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í lok tímabils nam 4.020 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárhlutfall sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er 56,5% en samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra

Stjórn og framkvæmdastjóri Rekstrarfélags Kaupþings Banka hf. staðfesta hér með árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007 með undirritun sinni.

Reykjavík, 29. ágúst 2007.

Í stjórn félagsins:

Þórarinn Sveinsson, stjórnarformaður

Eggert Páll Ólason

Birgir Örn Arnarson

Framkvæmdastjóri:

Ómar Kaldal Ágústsson

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Rekstrarfélags Kaupþings banka hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007. Árshlutareikningurinn er í tveim hlutum, A-hluti sem er fyrir Rekstrarfélagið sjálft og B-hluti sem er fyrir Verðbréfasjóði Kaupþings Banka, Fjárfestingarsjóði Kaupþings Banka og Fagfjárfestingarsjóði Kaupþings Banka. A-hlutinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðsstreymi og skýringar nr. 1 - 11 fyrir Rekstrarfélagið. B-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á hreinni eign, yfirlit um fjárfestingar og skýringar nr. 1 - 15 fyrir Verðbréfasjóði Kaupþings Banka, Fjárfestingarsjóði Kaupþings Banka og Fagfjárfestingarsjóði Kaupþings Banka. Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, efnahag þess 30. júní 2007 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 29. ágúst 2007.

KPMG hf.

Reynir Stefán Gylfason

Rekstrarfélag Kaupþings banka hf.

Árshlutareikningur 1.1. - 30.6.2007

Rekstrarreikningur 1. janúar - 30. júní 2007

	Skýr.	2007 1.1.-30.6	2006 1.1.-30.6
Rekstrartekjur:			
Eignastýringarþóknun	2	1.177.563	1.607.003
Söluþóknun		51.776	71.948
Fjármunatekjur		177.101	133.067
Heildartekjur		1.406.440	1.812.018
Fjármagnsgjöld		(2.416)	(114)
Hreinar rekstrartekjur		1.404.024	1.811.904
Rekstrargjöld:			
Laun og launatengd gjöld		350.229	283.080
Þjónustugjöld til Kaupþings banka hf.		145.541	76.568
Annar kostnaður		268.966	160.211
Afskriftir	8	533	533
Rekstrargjöld		765.269	520.392
Hagnaður fyrir tekjuskatt		638.755	1.291.512
Tekjuskattur	6	(114.976)	(234.234)
Hagnaður tímabilsins	10	523.779	1.057.278

Efnahagsreikningur 30. júní 2007

Eignir

	Skýr.	30.6.2007	31.12.2006
Verðbréf			
Verðbréf með breytilegum tekjum	3, 7	<u>4.358.768</u>	<u>3.379.623</u>
Kröfur			
Viðskiptareikningur við móðurfélag		8.133	6.364
Viðskiptakröfur		514.261	760.051
Aðrar kröfur		9.779	2.854
		<u>532.174</u>	<u>769.269</u>
Aðrar eignir			
Rekstrarfjármunir	8	4.171	4.704
Handbært fé		235.945	327.878
		<u>240.116</u>	<u>332.582</u>
Eignir samtals		<u><u>5.131.057</u></u>	<u><u>4.481.474</u></u>

Eigið fé og skuldir

Eigið fé:

Hlutfé		43.500	43.500
Lögbundinn varasjóður		10.875	10.875
Kaupréttarsamningar		22.944	10.208
Óráðstafað eigið fé		3.943.421	3.419.642
Eigið fé 9-11		<u>4.020.740</u>	<u>3.484.225</u>

Skuldir:

Skuldir við móðurfélag		580.119	724.691
Aðrar skammtímaskuldir		530.197	272.558
Skuldir		<u>1.110.316</u>	<u>997.249</u>

Eigið fé og skuldir samtals

	<u><u>5.131.057</u></u>	<u><u>4.481.474</u></u>
--	-------------------------	-------------------------

Yfirlit um sjóðstreymi 1. janúar - 30. júní 2007

	Skýr.	2007 1.1.-30.6	2006 1.1.-30.6
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður tímabilsins	10	523.779	1.057.278
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Áhrif kaupréttarsamninga		12.736	4.178
Afskriftir	8	533	533
		537.048	1.061.989
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		351.931	(340.120)
Handbært fé frá rekstri		888.979	721.869
Fjárfestingahreyfingar:			
Verðbréf með breytilegum tekjum, breyting		(979.145)	(431.965)
Viðskiptareikningur við móðurfélag, breyting		(1.769)	(6.663)
Fjárfestingahreyfingar		(980.914)	(438.628)
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		(91.934)	283.241
Handbært fé í ársbyrjun		327.878	20.574
Handbært fé í tímabilsins		235.944	303.815

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

1. Árshlutareikningur Rekstrarfélags Kaupþings banka hf., A-hluti, er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Hann er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskildu að verðbréf eru almennt metin á markaðsverði. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum. Félagið er dótturfélag Kaupþings banka hf. Árshlutareikningur félagsins er hluti af samstæðureikningi móðurfélagsins og eru upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar.

Eignastýringarþóknun

2. Félagið fær eignastýringarþóknun fyrir rekstur Verðbréfasjóða Rekstrarfélags Kaupþings banka, Fjárfestingarsjóða Rekstrarfélags Kaupþings banka og Fagfjárfestingsjóðs Kaupþings banka. Þóknunin reiknast sem fast hlutfall af hreinni eign hvers sjóðs og innifelur eftirtalinn kostnað við rekstur sjóðanna, laun starfsmanna rekstrarfélagsins, markaðskostnað og umsýslu. Þá sér rekstrarfélagið um eignastýringu erlendra sjóða sem eru í vörslu erlendra aðila og fær greidda þóknun fyrir.

Verðbréf

3. Verðbréf í eigu rekstrarfélagsins eru veltuverðbréf. Skráð veltuverðbréf eru eignfærð á markaðsverði í árslok.

Kaupréttir

4. Móðurfélag félagsins, Kaupþing banki hf., hefur veitt öllum starfsmönnum samstæðunnar kauprétt að hlutabréfum í bankanum á genginu 600. Kaupréttirnir eru innleysanlegir árlega næstu þrjú ár á tímabilinu 20. janúar til 25. febrúar ár hvert, í fyrsta skipti árið 2007. Kostnaður við samninga er gjaldfærður hjá því félagi innan samstæðunnar sem viðkomandi starfsmaður vinnur hjá. Vegna þessa eru á tímabilinu gjaldfærðar 12.736 þús. kr. meðal launa.

5. ***Rekstrarfjármunir***

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

Tekjuskattur

6. Félagið er dótturfélag Kaupþings banka. Samstæðan nýtir sér heimildir í skattalögum til að skattleggja félög innan samstæðunnar saman. Tekjuskattur og eignarskattur hafa verið færð til gjalda í ársreikningi og sem skuld við móðurfélag vegna samsköttunar.

Skýringar, frh.:

Verðbréf

7. Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:	Markaðsverð	Bókfært verð
Hlutabréf skráð í Kauphöll Íslands	1.073	1.073
Hlutdeildarskírteini	4.357.694	
Samtals		1.073

Rekstrarfjármunir

8. Rekstrarfjármunir greinast þannig		Bifreiðar
Bókfært verð 1.1.2007		4.704
Afskrifað á árinu	(533)
Bókfært verð 30.6.2007		4.171
Afskriftahlutföll		15,00%

Eigið fé

9. Hlutafé félagsins nemur 43,5 millj. kr. í lok júní 2007. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

10. Yfirlit um breytingar á eigin fé:

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Kaupréttar- samningar	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2007	43.500	10.875	10.208	3.419.642	3.484.225
Áhrif kaupréttarsamninga			12.736		12.736
Hagnaður tímabilsins				523.779	523.779
Eigið fé 30.6.2007	43.500	10.875	22.944	3.943.421	4.020.740

11. Eiginfjárlutfall rekstrarfélagsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 56,5% en lágmarks eiginfjárlutfall er 8% samkvæmt lögum. Hlutfallið reiknast þannig:

	30.6.2007	31.12.2006
Áhættugrunnur	7.114.979	6.150.569
Eigið fé	4.020.740	3.484.225
Eiginfjárlutfall	56,5%	56,6%